



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 4. maí 2004

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 44. fundar þriðjudaginn 4. maí 2004 kl. 17:00 í Félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 29. apríl.
2. Fundargerð fræðslu-, ípróttu- og tómstundanevndar frá 27. apríl.
3. Fundargerð skipulags- og byggingarnevndar frá 28. apríl.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 82. fundar bæjarráðs Frá 29. apríl kynnt og tekin til afgreiðslu. Fram var lögð svohljóðandi tillaga, nefnd A.
“Bæjarstjórn samþykkir að taka tilboði Júlíusar B. Líndal að upphæð kr. 5,645,688- vegna grassláttar og áburðargjafar á opnum svæðum í Blönduóssbæ 2004-2005”.
Þá var óskað eftir svohljóðandi bókun.
“Eins og áður hefur komið fram setti bæjarstjórn sér það markmið á fundi sínum 16. desember sl. að leita leiða til að ná fram hagræðingu í rekstri bæjarsjóðs og stofnana ásamt því að kanna sölu eigna. Jafnframt hefur komið fram að undirritaður hefur verið samningur við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þess efnis að frá og með hausti 2004 verði náð niður kostnaði í rekstri bæjarfélagsins sem nemur 9-11 milljónum króna. Unnið hefur verið að þessu verkefni í 4 mánuði og í gögnum sem dreift var til allra bæjarfulltrúa í febrúar sl. koma fram hugmyndir og tillögur um leiðir að settu marki ásamt áætluðum sparnaði. Á bæjarráðsfundi hinn 15. apríl sl. voru lagðar fram ákveðnar tillögur til að ná ofangreindum markmiðum. Fram kom hjá fulltrúa D-listans að hann væri ekki tilbúinn að afgreiða tillögurnar á þeim fundi. Var þá boðist til að halda aukafund bæjarráðs til frekari umfjöllunar tillaganna. Sameiginleg niðurstaða bæjaráðs var að vísa málinu til næsta bæjarstjórnarfundar hinn 20. apríl sl. Á þeim fundi voru tillögurnar samþykktar með 5 atkvæðum meirihlutans en fulltrúar D-listans sátu hjá. Á fundi bæjarráðs 29. apríl sl. eftir afgreiðslu málsins koma fram tillögur D-listans til hagræðingar á rekstri bæjarsjóðs og stofnana. Þar koma fram ýmsar hugmyndir, lítt útfærðar, um breytingar á rekstri sveitarfélagsins en ekki fylgja með neinar tölulegar forsendur. Þó er hér um að ræða að nokkru leyti svipaðar tillögur og þegar hafa verið samþykktar. Teljum við undirrituð því eðlilegt að vísa 1., 2. og 4. lið tillagnanna frá. Hvað 3. lið tillagnanna varðar er verið að vinna við starfsmannastefnu sveitarfélagsins og er því eðlilegt að bæjarstjóri ljúki þeirri vinnu og leggi fyrir bæjarrád”. Undir bókunina rita, Valgarður Hilmarsson, Hjördís Blöndal, Jóhanna G. Jónasdóttir, Valdimar Guðmannsson og Þórdís Hjálmarasdóttir.

Þá var lögð fram svohljóðandi tillaga nefnd B.

“Bæjarstjórn samþykkir vegna afgreiðslu 9. liðar b að vísa frá 1., 2. og 4. tölulið tillagna D-listans. Varðandi 3. lið tillagnanna er bæjarstjóra falið að leggja fram drög að starfsmannastefnu á næsta fundi bæjarráðs”.

Tillaga A borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Tillaga B borin upp, hún var samþykkt með 5 atkvæðum 2 voru á móti.

Fulltrúar D-listans óskuðu eftir að svohljóðandi bókun yrða gerð.

“Bæjarfulltrúar D-listans undrast þá gerræðislegu afgreiðslu sem hér á sér stað í bæjarstjórn. Fyrir fundinum liggja efnislegar tillögur í 8 liðum sem óskað er eftir að bornar verði upp hver í sínu lagi. Bæjarfulltrúar H- og Á- lista hafa samþykkt að vísa þessum tillögum frá og þar með skotist undan þeirri edlilegu stjórnarsýslu og lýðræðislegu afgreiðslu þeirra í bæjarstjórn. Þar hljóta tillögurnar ekki efnislega meðferð en þær varða almannaheill bæjarbúa á Blönduósi, þjónustu við bæjarbúa og afkomumöguleika margra fjölskyldna í bænum. Þessi skilaboð og valdniðsla meirihluta bæjarstjórnar lýsa viðhorfum þeirra til bæjarbúa í raun. Slík vinnubrögð vega að rótum samfélagsins þegar valdniðslu er beitt til að komast hjá afgreiðslu mála. Við undrumst og fordæmum þessi vinnubrögð”.

Undir bókunina rita þeir Ágúst Þór Bragason og Auðunn Steinn Sigurðsson. Fram var lögð svohljóðandi tillaga.

“Undirritaðir fulltrúar D-listans leggja til að boðað verði til opins borgarafundar í Blönduóssbæ, þar sem bæjarfulltrúar ásamt bæjarstjóra sitja fyrir svörum. Boðað skal til fundar innan þriggja vikna frá deginum í dag. Fundurinn skal haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi”.

Undir tillögunina rita þeir Ágúst Þór Bragason og Auðunn Steinn Sigurðsson. Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Þá var fundargerðin borin undir atkvæði, hún var samþykkt með 5 atkvæðum 2 voru á móti.

2. Fundargerð fræðslu,- íprótta- og tómsfundanefndar frá 27. apríl kynnt og tekin til afgreiðslu. Bókun vegna 5. liðar, önnur mál.
“Vegna fyrirspurnar Margrétar Einarsdóttir á fundi fræðslu,- íprótta- og tómsfundanefndar 27. apríl sl. vil ég undirrituð að eftirfarandi komi fram. Undirrituð stendur við öll sín orð sem viðhöfð voru á bæjarstjórnarfundi 20. apríl sl.”. Undir bókunina ritar Jóna Fanney Friðriksdóttir. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
3. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 28. apríl kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:23.

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Jóhanna G. Jónasdóttir
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Auðunn Sigurðsson

Ragnar Ingi Tómasson
Hjördís Blöndal
Ágúst Þór Bragason
Þórdís Hjálmarsdóttir